

Andmæli vegna rammaáætlunar Þjórsárvirkjanir

Ég hef búið í Forsæti við bakka Þjórsár í 43 ár og hef mjög ákveðnar skoðanir á náttúruvernd. Mér finnst erfitt að hugsa til þess að komandi kynslóðir séu sviptar náttúruperlum smbr. Urriðafoss sem fólk hefur lifað með frá landnámi. Um allan heim er verið að fórn landgæðum og náttúruperlum til stórfyrirtækja og rányrkja stunduð grimmt í skjóli hámenntaðs fólks sem ætti að vita betur. Tilveran snýst ekki eingöngu um peninga og endalausán hagvöxt. Nú er mál að staldra við og marka heilbrigða stefnu um það hversskonar þjóðfélag við viljum byggja upp til langstíma litið en ekki keyra á skyndilausnum vatnsfallsvirkjana og stóriðju.

Áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár valda óafturkræfum skemmdum á náttúrni hér á því svæði sem ég bý og því mótmæli ég með öllu sem ég á til. Þetta þarf ekki að eiga sér stað – við eigum aðra og betri kosti í stöðunni.

Ég hef upplifað jarðskjálfta og eldgos. Núna er áformað að bæta inn manngerðu hættu þar sem eldgos og flóð einhversstaðar ofar í Þjórsá getur valdið keðjuverkandi stíflurofi og hamfaraflóðum yfir byggðirnar.

Framtíðin geymir möguleika á beislun vindorku og sjávarfalla. Danir hafa gert áætlanir um að vera lausir við olíu á næstu árum en byggja á vindorku og öðrum náttúruvænum orkugjöfum. Við Íslendingar þurfum að víkka sjóndeildarhring okkar í þessum málum.

Bergþóra Guðbergsdóttir, Forsæti III, Flóahreppi